



01.03.07

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Efni: Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls-Vopnafjörður, frummatsskýrsla, umsögn.

Bréf Skipulagsstofnunar frá 1. febrúar sl., þar sem send er inn til umsagnar frummatsskýrsla Vegagerðarinnar, ásamt fylgigögnum, varðandi framkvæmdina “Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls –Vopnafjörður” hefur verið tekið til umfjöllunar á fundum hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 15. febrúar sl. og aftur 1. mars 2007.

Á báðum þessum fundum voru öll gögn málsins kynnt vel. Ennfremur var upplýsingum komið vel á framfæri í bæjarblaðinu Þorparanum um að gögnin lögju frami á Skrifstofu sveitarfélagsins til 23. mars nk. og ennfremur hvar mætti finna þau á vefnum.

Hreppsnefnd hefur á grundvelli 10. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 22. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 fjallað fyrirbyggjandi gögn.

Á fundi hreppsnefndar 1. mars 2007 samþykkti hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps samhljóða svofellda samþykkt sem umsögn sína:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps telur að fyrirbyggjandi frummatsskýrsla, sem unnin er af Vegagerðinni og er dags. í janúar 2007, ásamt fylgigögnum, sé nægjanleg og hefur engu við hana að bæta”

Umsögn þessari er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,

Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri